Tilnefningar fyrir „Flokkur ársins 2020“

Breiðablik Knattspyrnudeild Meistaraflokkur kvenna

Breiðablik er Íslandsmeistari kvenna í knattspyrnu 2020. Stelpurnar okkar voru í sérflokki í ár, unnu 14 deildarleiki af 15, skoruðu í þeim 66 mörk og fengu aðeins þrjú mörk á sig. Þær Agla María og Sveindís Jane enda svo markahæstar með 14 mörk og Berglind Björg skoraði tólf.Þrátt fyrir að ekki náist að klára tímabilið skyggir það ekki á glæsilegan árangur liðsins, sem einnig var komið í undanúrslit bikarkeppninnar. Stelpurnar fá jafnframt þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð og ljóst að framhaldið verður virkilega spennandi hjá liðinu.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar Golf Karlasveit GKG

Karlasveit meistaraflokks karla sigraði á Íslandsmóti golfklúbba í efstu deild. Þetta var sjöundi sigur karlaliðsins frá upphafi, en fyrsti sigurinn kom 2004. Undirbúningur liðsins var mjög faglegur og frábær liðsandi gerði gæfumuninn í jafnri keppni og stóðu allir liðsmenn fyrir sínu og skiluðu stigum fyrir heildina. Liðsmenn sveitarinnar voru: Aron Snær Júlíusson, Bjarki Pétursson, Egill Ragnar Gunnarsson, Hlynur Bergsson, Kristófer Orri Þórðarson, Ólafur Björn Loftsson, Ragnar Már Garðarsson, Sigurður Arnar Garðarsson. Þjálfari: Andrés Jón Davíðsson. Með sigrinum vann sveitin sér inn þátttökurétt á EM klúbbliða (European Club Team Trophy) sem fór þó ekki fram af þessu sinni vegna Covid.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026